

VIII.

Sektarákvæði.

26. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal fara sem almenn lögreglumál og greiði hinn seki allt að 50 kr. sekt fyrir brot sitt í bæjarsjóð.

27. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Neskaupstaðar hefir samið og samþykkt, staðfestist hérmeð samkvæmt 20. gr. laga nr. 48, 7. maí 1928 um bæjarstjórn í Neskaupstað, sbr. lög nr. 85, 22. nóvember 1907, til að öðlast þegar gildi.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 3. desember 1929.

Tryggvi Þórhallsson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

um

sölu áfengis til lækninga.

1. gr.

1. Um innflutning lyfja, sem áfengi er í, fer eftir lögum nr. 69 1928 og lögum nr. 64, frá 1930.
2. Læknar, sem lyfsölurétt hafa, fá áfengi og áfeng lyf frá Áfengisverzlun ríkisins og því aðeins frá lyfjabúð, að is eða ótið teppi flutninga frá Reykjavík, og skulu þeir jafnan hafa sent skriflega, sundurliðaða kaupbeiðni. Skal seljandi geyma slíkar kaupbeiðnir.
3. Smáskammtalæknum er heimilt að kaupa smáskammtalyf með vinanda í lyfjabúðum. Skulu þeir þá jafnan senda skriflega, sundurliðaða kaupbeiðni, og fylgi hverri slíkri kaupbeiðni meðmæli frá hlutaðeigandi lögreglustjóra og presti. Má vinandinn í þeim lyfjum ekki fara fram úr 3 lítrum á ári, nema landlæknir gefi leyfi til þess. Þessar kaupbeiðnir skal seljandi geyma.

2. gr.

„Ómengað áfengi“ („áfengi eða áfeng lyf“, sbr. 21. gr. laga nr. 69, frá 1928) merkir vinanda (spiritus), Konjak (spir. vini Gallici), vín, sem löggilt

eru til lækninga og allskonar vinanda — Konjaks- og vinblöndur, sem innihalda yfir 5 % af hreinum vinanda (spiritus concentratus) — með þeim undantekningum, er hér segir: 95
31/12 '30

1. Lyfjablöndur, sem móti 100 gr. af spiritus concentratus hafa inni að halda ferfaldan stærzta skammt (dosis maxima) af eiturlyfjum (sbr. gildandi lyfjaskrá).
2. Extract fluida, Liquor pectoralis, Vinum chinae ferratum og aðrar þess konar blöndur, sem áfengi er í t. d. Liquor ferri albuminati og áþekk járnlyf, enn fremur jurtaskyði, sem að styrkleika jafngilda þunga jurtanna.
3. Lyfjablöndur, sem móti 100 gr. af spiritus concentratus hafa inni að halda þann þunga, er hér segir af þeim lyfjum, er nú skal greina:

	gram.
Acidum aceticum	10
— gallotannicum	10
— hydrochloratum	10
— salicylicum	10
Ætheroleum sinapis	2
— terebinthinæ og aðrar ætheriskar oliur, enn fremur Eucalyptol og Eugenol	5
Aloe	2
Anthrasol	5
Benzin	20
Benzol	20
Camphora	10
Chininum og chinínsölt	2
Collodium	30
Creolin	2
Chloretum ferricum	5
Ichthyol og þvílík efni	5
Jod	5
Kreosot	2
Kreosolum crudum	2
Liquor carbonis detergens	5
— kresoli saponatus (Lysol)	4
Menthol	5
Naphtol	2
Oleum ricini	30
Phenol	2
Sol. subacetatis alum.	20
— ammoniaci	10
— formaldehydi	5
— superoxydi hydrog	100

95
31/12 '30

	grm.
Sol. subacetatis plumbici	10
Sápur, alls konar	10
Thymol	5
Tjörur alls konar	5

3. gr.

Lyfsölum og læknum er ekki heimilt að selja ómengað áfengi (sbr. 2. gr.) til néins annars en lækninga, sjúkdómsrannsókna og annara iðkana í læknavísindum. Er læknum stranglega bannað, að afhenda eða ávísa ómengað áfengi í þeim tilgangi, að það verði öðruvísi notað. Þetta gildir einnig um smáskammtalækna, tannlækna og dýralækna.

4. gr.

Ekkert ómengað áfengi (sbr. 2. gr.) má láta út úr lyfjabúð nema eftir löglegri beiðni eða löglegum lyfseðli frá lækni, og ekki nema einu sinni eftir sama lyfseðli. Lyfseðilinn skal stimpla, að sjá megi, hvar og hvenær hann hafi verið afgreiddur, og sé honum því næst haldið eftir í lyfjabúðinni.

Á ílát hvers áfengislyfs, sem látið er af hendi, skal jafnan auk nafns lyfjabúðarinnar og fyrirsagnar um notkunina rita sjálfa forskriftina.

5. gr.

Í hverri lyfjabúð skal hafa tvær bækur til vitnis um áfengissöluna:

a. *Vinnubók* („Laboratorium-journal“).

Í hana skal rita öll þau lyf, sem búin eru til eða sett saman í lyfjabúðinni og áfengi er í. Skal þess getið við hvert lyf, hvenær það var búið til, hve mikið af því og hve mikið áfengi (spir. conc.) fór í það. Heilbrigðisstjórnin ræður annars fyrirkomulagi á þessari bók.

b. *Eyðslubók*.

Í hana skal lyfsali rita í lok hvers mánaðar, hve mikið hann hefir selt af ómengðu áfengi og hve mikið hann hefir notað í samsett lyf, sem sett hafa verið saman í vinnustofunni. Í þessari bók skal þess greinilega getið, hversu mikið af áfengi og áfengum lyfjum hafi verið selt læknum, er lyfsölurétt hafa, og tilfærð nöfn kaupenda. Að öðru leyti ræður heilbrigðisstjórnin tilhögun þessarar bókar. Í lok hvers mánaðar skal hver lyfsali senda lyfjaverzlun ríkisins mánaðarafrit úr þessari bók sinni. Jafnframt skal hann senda alla þá lyfseðla, sem komið hafa til afgreiðslu þann mánuð og heyra undir ákvæði 4. gr., sbr. 6. gr.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til héraðslækna, sem rétt hafa til lyfjasölu. En þó skulu þeir vera skyldir til að hafa eyðslubók um allt áfengi og áfeng lyf, er þeir láta út. Bókin skal færð jafnóðum og út er látið. Heilbrigðisstjórnin ræður fyrirkomulagi á þessari eyðslubók.

Í lok hvers ársfjórðungs skal hver læknir, sem rétt hefir til lyfjasölu, senda Áfengisverzlun ríkisins eftirrit af eyðslubók sinni, eða greinilega skýrslu um, hvornig hann hefir varið meðteknu áfengi. 95 ^{31/12 '30}

Þessar skýrslur lækna og lyfsala séu jafnan dagsettar og undirskrifaðar.

6. gr.

Þegar læknir gefur út lyfseðla upp á ómengað áfengi (sbr. 2. gr.), skal hann jafnan rita þá á sérstök eyðublöð, sem landlæknir lætur út í heftum með tvöföldum, tölusettum eyðublöðum; skal læknir skrifa á hvern seðil, auk nafns lyfsins og þyngdar, nákvæma fyrirsögn um notkun þess, útgáfustað og útgáfudag seðilsins, nafn sitt og fullt nafn og heimili sjúklingsins (í bæjum götunafn og húsnafn eða númer).

Læknir skal jafnan, er hann gefur út slíkan lyfseðil, skrifa fullt afrit af honum á viðfest eyðublað. Læknir fær því aðeins ný eyðublöð, að hann sendi landlækni með beiðninni öll afritin af útgefnum áfengisseðlum.

Héraðslæknar, sem sjálfir hafa lyfjaverzlun hver í sínu héraði, eru undanþegnir fyrir mælum þessarar greinar.

7. gr.

Ekki má læknir, nema lög eða reglugerðir mæli öðruvísi fyrir, ávísá eða láta úti meira í einu, hvorki sjálfum sér né öðrum, en 100 grömm af spiritus concentratus eða 160 grömm af Konjaki eða 325 grömm af öðrum vínun, sem löggilt eru til lækninga, og ekki aftur sama viðtakanda fyrr en liðnar eru þrjár nætur frá því er kaupin gátu átt sér stað, og gildir það einnig, ef læknirinn veit, að sjúklingurinn hefir fengið ómengað áfengi hjá öðrum lækni og ekki eru liðnar 3 nætur frá því (sbr. 9. gr. 2).

8. gr.

Lyfsalar og afgreiðslumenn þeirra mega ekki:

1. Afhenda ómengað áfengi (sbr. 2. gr.) eftir lyfseðli, sem eldri er en 3 mánaða.
2. Afhenda meira af áfengi en til er tekið í lyfseðlinum.
3. Afgreiða lyfseðil, sem ekki er í samræmi við þessa reglugerð.
4. Afhenda ölvuðum manni ómengað áfengi eftir lyfseðli, né heldur afgreiða áfengislyfseðil, ef líkur sýnast til að hann sé falsaður, en þá skal lyfsali leggja hald á seðilinn og gera viðkomandi lækni aðvart.

9. gr.

Enginn má:

1. Biðja lækni um áfengisseðil undir fölsku yfirsýni (t. d. segja rangt til nafns, heimilis eða sjúkdóms).
2. Biðja lækni um áfengislyfseðil, án þess að segja frá því ef hann hefir undanfarinn mánuð fengið einn eða fleiri áfengislyfseðla hjá öðrum lækni.

- 95 3. Reyna að fá keypt meira áfengi en lyfseðill hans nefnir.
 31/12 '30 4. Gefa öðrum áfengisseðil, sem hann hefir fengið.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett eftir lögum nr. 69, 1928 og 64, 1930 og fer með brot út af henni eftir fyrir mælum nefndra laga.

11. gr.

Þessi reglugerð gengur í gildi 1. janúar 1931, og fellur þá úr gildi reglugerð nr. 85, 1928.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 31. desember 1930.

Jónas Jónsson.

Gissur Bergsteinsson.

96

4. jan.

REGLUGERÐ

um

breyting á reglugerð nr. 90, 14. nóv. 1921, um tekjuskatt og eignarskatt.

1. gr.

36. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Auk skyldu til þess að skýra frá högum sjálfs sín og annara samkvæmt 33. gr., er neðangreindum aðiljum skylt að veita skattanefndum ókeypis ýmsar upplýsingar, er þær beiðast:

1. Embættismenn og aðrir, sem einhver störf hafa í almennings þarfir, og
 2. Stjórnendur banka og sparisjóða, hlutafélaga og stofnana, eru skyldir að veita skattanefndum upplýsingar þær allar, sem þær æskja, bæði um kaup starfsmanna þeirra, um eigendur verðbréfa allra, svo sem hlutabréfa, vaxtabréfa og skuldabréfa, en sé um handhafabréf að ræða, þá svo framarlega að þeim sé kunnugt um eiganda, enn fremur um vaxtafé manna í bönkum og sparisjóðum og skuldir manna við þessar stofnanir o. s. frv. Embættismenn og sýslunar eru sérstaklega skyldir að láta skattanefndum í té fræðslu um niðurfjöfnun útsvara, skattgjald, manntal, allskonar matsgerðir o. s. frv. — Enn fremur eru

3. Allir þeir, sem menn hafa í þjónustu sinni, enda þótt 1. og 2. töluliður taki ekki til þeirra, eru skyldir að veita skattanefndum skýrslu um laun hvers starfsmanna sinna.